

Verklag við skipun nefnda, ráða og starfshópa innan Háskóla Íslands

Samþykkt í háskólaráði 8. desember 2005

Skipun

Um skipun nefnda, ráða og starfshópa innan Háskóla Íslands gildir eftirfarandi:

A. Starfsnefndir háskólaráðs

Skipun starfsnefnda háskólaráðs byggist á ákvæðum 11. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Háskólaráð setur starfsnefndunum erindisbréf, þar sem hlutverki þeirra er nánar lýst. Nefndirnar funda reglulega og veita háskólaráði umsögn í málum á verksviði sínu. Þá hefur fjármálanefnd sérstakt hlutverk við gerð fjárhagsáætlunar og samráðsnefnd um kjaramál hefur með höndum gerð kjarasamninga í umboði háskólaráðs.

B. Fastanefndir

Auk starfsnefnda skv. 11. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, skipa háskólaráð og rektor fastanefndir um ýmis verkefni sem Háskólinn sinnir á grundvelli ákvæða í lögum, reglum og kjarasamningum. Til þess að nefnd teljist til fastanefnda þurfa verkefni hennar að vera reglubundin og viðvarandi.

C. Starfshópar og „ad hoc“ nefndir

Starfshópar og nefndir eru skipaðar af háskólaráði eða rektor til þess að fjalla um einstök afmörkuð málefni. Gefið skal út skipunarbréf þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

1. Hver skipar starfshópinn / nefndina
2. Hvert er hlutverk starfshóps / nefndar
3. Gildistíma skipunarinnar
4. Hvenær og til hvaða aðila niðurstöðu skuli skilað
5. Hvort og þá hvernig greitt verður fyrir nefndarstarfið

D. Stjórnir stofnana á vegum háskólaráðs og þverfaglegar námsstjórnir

Háskólaráð skipar stjórnir stofnana sem heyra undir ráðið. Sama gildir um þverfaglegar námsstjórnir sem starfa á grundvelli reglna samþykktum af háskólaráði. Gefið skal út skipunarbréf til þeirra sem taka sæti í þessum stjórnnum, þar sem afstaða er tekin til þess hvort og þá hvernig greitt er fyrir fundasetu.

E. Stjórnir rannsóknarstofnana, námsnefndir og aðrar nefndir innan deilda

Deildir skipa stjórnir rannsóknarstofnana í samræmi við ákvæði í reglum sem háskólaráð hefur staðfest. Aðrar nefndir innan deilda eru skipaðar í samræmi við reglur deildar. Deildin ákveður hvort störf í stjórnnum stofnana og námsleiða á hennar vegum falli innan stjórnunarskyldu viðkomandi starfsmanna deildarinnar, sbr. 32. gr. reglna nr. 458/2000. Ef maður utan deildarinnar (þ.e. hvorki starfsmaður né nemandi) er skipaður til setu í stjórnnum á hennar vegum skal hann fá skipunarbréf, þar sem afstaða er tekin til þess hvort og þá hvernig honum verður greitt fyrir setu í viðkomandi stjórn / nefnd.

F. Samstarfsnefndir með aðilum utan Háskólans og aðrar nefndir

Samstarfsnefndir starfa á grundvelli samninga sem kveða á um starfsgrundvöll þeirra og starfshætti. Aðrar nefndir, þar á meðal millifundarnefndir, starfa á óformlegum grundvelli. Almennt er því ekki þörf á að skjalfesta skipan þessara nefnda sérstaklega.

Greiðslur fyrir setu í nefndum, ráðum og starfshópum

Greiðslur fyrir nefndastörf byggjast á samræmdum viðmiðum um tímagjald og stundafjölda. Með þessum greiðslum er gert upp fyrir setu á fundum og undirbúning mála fyrir fundi en það verkefni hafa formenn nefnda einkum með höndum.

Leggi sá sem situr fundi fram umtalsverða vinnu umfram fundasetu og undirbúning funda skal sá sem skipað hefur nefndina / starfshópinn taka afstöðu til þess hvort greitt skuli sérstaklega fyrir það vinnuframlag. Ávallt skal liggja fyrir áætlun um umfang vinnunar áður en hún er innt af hendi.

Fyrir setu á fundum í starfsnefndum háskólaráðs er greidd þóknun skv. viðmiðum sem háskólaráð ákveður um stundafjölda fyrir fundasetu. Sama gildir um aðrar fastanefndir, þó þannig að fyrir störf í úthlutunar / vinnuáætlanefndum og nefndum vegna hliðstæðra verkefna er greitt skv. viðmiðum um stundafjölda að baki umfjöllun um hverja umsókn / mál. Þóknun til formanna starfsnefnda háskólaráðs er ákveðin sérstaklega.

Að öllu jöfnu er starfsmönnum H.Í. ekki greitt sérstaklega fyrir setu á fundum í starfshópum og „ad hoc“ nefndum. Sama gildir um setu á fundum í samstarfsnefndum sem settar hafa verið á laggirnar með aðilum utan Háskólans.

Þóknun fyrir setu í starfshópum, nefndum og stjórnnum skal gerð upp í lok hvers misseris eða árs.

Launadeild sameiginlegrar stjórnsýslu skal taka saman árlegt yfirlit yfir þóknanir og skila til rektors.

Viðmið um greiðslur

A. Starfsnefndir háskólaráðs

Formaður 320 stundir á ári, nema formaður fjármálanefndar 360 stundir á ári.
Aðrir nefndarmenn og starfsmenn 3 stundir fyrir fund.

B. Fastanefndir

Formaður 4 stundir fyrir fund, aðrir nefndarmenn og starfsmenn 2 stundir fyrir fund.

C. Starfshópar og „ad hoc“ nefndir

Að öllu jöfnu er ekki greitt fyrir fundasetu.

D. Stjórnir stofnana á vegum háskólaráðs og þverfaglegar námsstjórnir

Samkvæmt skipunarbréfi.

E. Stjórnir rannsóknarstofnana, námsnefndir og aðrar nefndir innan deilda
Samkvæmt ákvörðun deildar.

F. Samstarfsnefndir og aðrar nefndir
Að öllu jöfnu er ekki greitt fyrir fundarsetu.

Viðmið um tímagjald

Fyrir starf í nefndum, starfshópum og stjórnnum skulu að jafnaði greiddar 2.774 kr. á tímann. (Tímagjaldið miðast við kjarasamning Félags háskólakennara og launanevnd fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, launaflokk C46, 3. þrep. Staða 1.1. 2006 sem tekur breytingum í samræmi við ákvæði kjarasamninga.).

Drög að skipunarbréfi starfshóps eða „ad hoc“ nefndar]

[Háskólaráð / rektor] hefur ákveðið að skipa yður í starfshóp um [verkefni]. Hlutverk hópsins er að [gera tillögur / framkvæma úttekt / endurskoða fyrirkomulag] varðandi [...]

Í starfshópnum eru: [Nöfn, formaður tilgreindur]

Með hópnum starfar [...] og mun boða starfshópin til fyrsta fundar sem reiknað er með að verði í [...]. Hópurinn skal haga störfum sínum þannig að niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en [...]. [Skýrslu / álitsgerð / tillögum] hópsins skal skilað til rektors.

[Ekki er greidd þóknun fyrir setu í starfshópnum.]

eða

[Miðað er við að sú vinna sem starfshópurinn leggur í verkefnið sé allt að x stundir. Þóknun fyrir starfs hópsins verður samkvæmt því gerð upp með eftirfarandi hætti, nema gerð hafi verið grein fyrir auknu umfangi vinnunnar eða að vinnuskiptingu milli meðlima starfshópsins: *nánar um greiðslufyrirkomulag.*]